

Norræn ráðstefna um dreifmenntun og sveigjanlegt nám

Hátt á annað hundrað sérfræðingar á sviði menntamála frá öllum Norðurlöndunum tóku þátt í ráðstefnunni *Hnatrænn menntamarkaður – norræn tækifæri* sem fram fór á Hótel Loftleiðum dagana 23.-24. september sl. Ekki hefur áður verið efnt til jafn viðamikillar sameiginlegrar ráðstefnu með fulltrúum háskóla, símenntunarstofnana og upplýsingatæknigeirans til að ræða framtíðarhorfur á Norðurlöndum í dreifmenntun og sveigjanlegu námi. Efnt var til ráðstefnunnar í framhaldi af þeim markmiðum sem Íslendingar settu sér á formennskuári í Norrænu ráðherranefndinni 2004 um að virkja þyrfti betur mannauð í dreifðum byggðum með notkun upplýsingatækni í skólasamstarfi innan lands sem utan. Á ráðstefnunni var rætt um hvernig best mætti nýta styrk Norðurlanda á sviði fullorðinsfræðslu á alþjóðlegum menntamarkaði og voru settar fram tillögur um aukid samstarf norrænna menntastofnana. Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, setti ráðstefnuna og flutti ávarp þar sem hún fagnaði m.a. viðtæku samstarfi menntastofnana um dreifmenntun.

Fjölmargir norrænir sérfræðingar í skipulagi háskólamenntunar og fullorðinsfræðslu fluttu erindi. Auk þeirra greindi Jane Massy, frá Cambridge háskóla, frá straumum og stefnum í fullorðinsfræðslu í Evrópusambandslöndum og Norman Peterson, frá alþjóðadeild háskólans í Montana, sagði frá þróun fjarkennslu í Bandaríkjunum. Ráðstefnan þótti í alla staði takast vel og kviknuðu frjóar umræður fólks úr ólíkum menntageirum. Fram kom mikill áhugi á að próa samtarf á þessum vettvangi. Skipulag og framkvæmd ráðstefnunnar var sameiginlega í höndum HÖGUT, SVL og IT-P.

Í framhaldi af ráðstefnunni skipaði [Norræna ráðherranefndin](#) ráðgjafahóp sem á að vinna úr niðurstöðum umræðna og verða þær lagðar fyrir Norrænu ráðherranefndina til frekari úrvinnslu. Jens Pétur Hjaltsted, sérfræðingur í skóla- og símenntunardeild menntamálaráðuneytis, tekur þátt í því starfi fyrir Íslands hönd. [Ráðstefnugögnin](#) eru aðgengileg á vef menntamálaráðuneytis.



Í tilefni af Evrópskum tungumáladegi 2004 gengust menntamálaráðuneytið og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum fyrir málþingi föstudaginn 24. september sl. Yfirskrift málþingsins var „Á að hefja kennslu erlendra tungumála fyrr í skólakerfinu?“ Áætlað er að 80-90 manns hafi sótt málþingið.

Fyrsta tímabili úttekta á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla og framhaldsskóla lokið

Í lögum um framhaldsskóla og grunnskóla eru ákvæði þess efnis að sérhver skóli skuli innleiða aðferðir til að meta skólastarfið sem menntamálaráðuneytið skuli svo gera úttekt á 5 ára fresti.

Ákvæði um úttektir á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla kom til framkvæmda vorið 2002 og var lokið vorið 2003.

Ákvæði um úttektir á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla kom til framkvæmda haustið 2001 og var lokið haustið 2003.

Helstu niðurstöður

Grunnskólar: Af þeim 184 skólum sem teknir voru út höfðu 69 unnið kerfisbundið að sjálfsmati eða 37,5% skólanna. Þegar niðurstöður vegna aðferða sem skólarinn beittu til sjálfsmats eru skoðaðar má sjá að 66 grunnskólar (36%) töldust beita fullnægjandi sjálfsmatsaðferðum eða fullnægjandi að hluta. Það eru því 64% grunnskóla sem töldust beita ófullnægjandi aðferðum til sjálfsmats. Ljóst er að langflestir skólanna hafa unnið að sjálfsmati

en voru mislangt á veg komnir er úttektir voru gerðar. Þróunin á tímabilinu var sú að að niðurstöður urðu jákvæðari er á leið.

Framhaldsskólar: Af þeim 29 skólum sem teknir voru út höfðu 14 unnið kerfisbundið að sjálfsmati eða 48% skólanna. Þegar niðurstöður vegna aðferða sem skólarinn beittu til sjálfsmats eru skoðaðar má sjá að 14 (48%) töldust beita sjálfsmatsaðferðum sem eru fullnægjandi eða fullnægjandi að hluta. Því töldust 52% skólanna beita ófullnægjandi aðferðum. Langflestir skólanna hafa unnið að sjálfsmati en voru mislangt komnir á þeim tíma er úttektir voru unnar.

Gerð er grein fyrir helstu niðurstöðum fyrstu úttekta á sjálfsmatsaðferðum grunnskóla og framhaldsskóla í lokaskýrslum sem er að finna á vef menntamálaráðuneytisins www.menntamalaraduneyti.is.

EKKI BARA HUGSA UM ÞAÐ!

[Vika símenntunar](#) var haldin dagana 12. - 18. september sl. en hún var nú haldin í fimmta sinn hér á landi. [Mennt - samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla](#) sá um skipulagningu og framkvæmd hennar í samvinnu við símenntunarmiðstöðvarnar níu á landsbyggðinni. Vika símenntunar er viðamikil verkefni menntamálaráðuneytis þar sem fjölmargir aðilar eru kallaðir til samstarfs en að áttakinu komu m.a. náms- og starfsráðgjafar, bókasöfn, fyrirtæki, menntastofnanir og stéttarfélag.

Að þessu sinni var athyglinni beint að ungu fólki undir slagorðinu EKKI BARA HUGSA UM ÞAÐ! Gengið var út frá mikilvægi þess að ungt fólk gæti auðveldlega aflað sér upplýsinga um hvert það ætti að snúa sér í leit að möguleikum til náms, bæði hvað varðar styrki og námsleiðir. Voru upplýsingar aðgengilegar á vef Viku símenntunar, náms- og starfsráðgjafar



buðu ungu fólki upp á ráðgjöf um allt land og samstarf var við stéttarfélag, bókasöfn og fjölmiðla um kynningu.

Auk auglýsinga og umfjöllunar í fjölmiðlum var sérblaði um símenntun dreift með Morgunblaðinu.

Starfsmenntaverðlaunin afhent

Forseti Íslands afhenti starfsmenntaverðlaunin 2004 þann 14. september, en að þessu sinni fékk Landsbanki Íslands verðlaun í flokki fyrirtækja, Samtök verslunar og þjónustu og Viðskiptaháskólinn á Bifröst fengu verðlaun í flokki fræðsluáðila og í opnum flokki fékk Janus endurhæfing verðlaun. Auk þess var sérstakur símenntunardagur í fyrirtækjum var 16. september þar sem fyrirtæki voru hvött til þess að tileinka daginn fræðslumálum starfsmanna sinna. Þann 18. september sl. buðu náms- og starfsráðgjafar svo upp á fría ráðgjöf á bókasöfnum á höfuðborgarsvæðinu. Auk þessa var fjölbreytt dagskrá á landsbyggðinni alla vikuna.

